

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2007

frá 6. júlí 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1729/2006 frá 23. nóvember 2006 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar fírókoxíð og triklabendasól ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1805/2006 frá 7. desember 2006 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar þíamfeníkól, fenvalerat og meloxíkam ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1831/2006 frá 13. desember 2006 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu að því er varðar **Doramectin** ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32006 R 1729**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1729/2006 frá 23. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 6),
- **32006 R 1805**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1805/2006 frá 7. desember 2006 (Stjtið. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 66),
- **32006 R 1831**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1831/2006 frá 13. desember 2006 (Stjtið. ESB L 354, 14.12.2006, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 343, 8.12.2006, bls. 66.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 354, 14.12.2006, bls. 5.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1729/2006, 1805/2006 og 1831/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. júlí 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) **Engin** stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.